

**Umsögn íbúaráðs Kjalarness um áfangaskýrslu um kostamat fyrir mögulegar staðsetningar íþróttamiðstöðvar skotíþróttar:**

Nú verða níu staðir teknir til nánari skoðunar í þeirri vinnu að finna skotsvæðinu framtíðar staðsetningu. Það vekur furðu að Álfsnes sé einn þeirra. Þar með er til tekið að hávaðamengun telst ekki vandamál þó svo að reisa þyrfti óvenjuháar manir til að ná fram viðunandi hljóðvist fyrir íbúa. Íbúaráðið vill koma á framfæri áhyggjum íbúa sem felst í þeim möguleika að Álfsnesið yrði á endanum talin heppilegasta staðsetningin enda séu allir innviðir nú þegar til staðar, svo sem byggingar. Þetta telur íbúaráðið algerlega óásættanlegt. Rétt er er að undirstrika ástæðu þess að ráðist var til þessarar vinnu í upphafi, að finna æfingarsvæði fyrir skotíþróttir nýja staðsetningu. Álfsnes ætti ekki að vera einn af þeim valkostum sem teknir yrðu til frekari skoðunar, heldur til viðmiðunar þegar valin verður ný staðsetning. Útiloka ætti Álfsnesið sem valkost enda búið að gera íbúum ítrekað ljóst að um skammtíma- og hálfgerð neyðarúrræði sé að ræða.